



Golfklúbbur Skagafjarðar

Ársskýrsla 2025



Skýrsla formanns

Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2025 skipuðu: Aldís Hilmarsdóttir formaður, Sigríður Elín Þórðardóttir varaformaður, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason ritari, Hanna Dóra Björnsdóttir formaður mótanefndar, Unnur Ólöf Halldórsdóttir formaður barna- og unglinganefndar, Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar og Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar.

Vallarstjóri var Guðmundur Þór Árnason og honum til aðstoðar var Hlynur Einarsson.

Nú er liðið viðburðarríkt og skemmtilegt starfsár Golfklúbbs Skagafjarðar. Ný stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var 25. nóvember 2024 og í framhaldinu voru allar starfsnefndir fullmannaðar. Vert er að þakka öllum þeim stjórnarmönnum og nefndarmönnum sem sinntu óeigingjörnu starfi síðastliðið starfsár. Sjálfboðastarf þessa fólks sem og allra annarra félagsmanna sem voru óþreytandi við að starfa fyrir klúbbinn og gefa vinnu sína er forsenda þess að við getum haldið úti svona metnaðarfullu starfi en samt boðið uppá viðráðanleg félagsgjöld og tryggt að gott og jafnt aðgengi sé að golfíþróttinni í Skagafirði.

Fulltrúar stjórnar GSS tóku þátt í stefnumótunarvinnu GSÍ og hefur nú ný stefna verið kynnt og samþykkt á þingi GSÍ en fulltrúar stjórnar GSS tóku einni þátt í ársþinginu sem haldið var 15. nóvember sl.

Í ársskýrslunni fara formenn nefnda yfir störf sinna nefnda en hér verður stiklað á stóru yfir annað sem ekki er þar fjallað um.

Laugardaginn 3. maí fór fram Umhverfisdagur FISK Seafood. Það er mikils virði að félagsmenn GSS taki þátt í þessu flotta verkefni, bæði fegrum við umhverfið okkar og svo styrkir FISK Seafood myndarlega fyrir vinnuna. Í ár greiddi FISK Seafood 12.000 kr. á hvern einstakling sem tók þátt inn á reikning þess íþróttafélags sem þátttakandi óskar. Sem fyrr voru félagsmenn GSS duglegir að mæta og safna fyrir klúbbinn og er þessi styrkur kærkominn inn í okkar starfsemi og góður dagur fyrir félagsmenn að hittast í byrjun sumars.



Ein af fjölmörgum fjölskyldum sem tók þátt í umhverfisdeginum f.h. GSS og er óþreytandi við að láta gott af sér leiða fyrir klúbbinn.

Rekstur

Stöðug fjölgun félagsmanna hefur verið og í sumar voru félagsmenn 350 talsins sem við erum stolt af í ekki stærra sveitarfélagi. Bæjarbúar utan klúbbsins hafa einnig verið duglegir að mæta á æfingasvæðið og slá golfboltum og sjáum við mikla aukningu þar hjá unga fólkinu.

Rekstur klúbbsins í ár var góður og veruleg aukning varð í tekjum vegna vallargjalda gesta. Tekjur vegna vallargjalda jukust um 48% á milli ára og vörusala jókst um 41%. Vegna fjölgunar félaga í klúbbnum

hækkuðu tekjur af félagsgjöldum um 8% þrátt fyrir að gjaldskrá hafi verið óbreytt á milli ára. Launakostnaður og kostnaður við viðhald vallarins hækkaði á milli ára en vegna hærri tekna var rekstrarafkoma réttu megin við núllið.

Félagsgjöld hafa verið óbreytt í tvö ár þrátt fyrir mikla verðbólgu og aukinn kostnað. Að auki hefur tilkynnt um hækkun félagsgjalda sem klúbburinn þarf að greiða fyrir hvern félagsmann. Stjórn leggur því til hækkun á félagsgjöldum en hlutfallslega verður mun meiri hækkun lögð á vallargjöld fyrir gesti.

Íslandsmót golfklúbba



Kvennaveit GSS í 1. deild kvenna 2025. F.v. Halldóra Cuyler, Sigríður Elin Þórðardóttir, Árný Árnadóttir, Gígja Bjarnadóttir, Dagbjört Sísí Einarsdóttir, Hildur Heba Einarsdóttir og Anna Karen Hjartardóttir.

Golfklúbbur Skagafjarðar tók sem fyrr þátt í Íslandsmótum Golfklúbba. Kvennasveit GSS keppti í 1. deild í júlí en hún fór fram á Jaðarsvelli á Akureyri. Sveitin lenti í 7. sæti og tryggði sér áframhaldandi sæti í efstu deild að ári.

Karlasveit GSS tók þátt í 3. deild en sú keppni fór fram á Hlíðarendavelli í ágúst. Sveit GSS gerði sé lítið fyrir og var í efsta sæti 3. deildar og tryggði sér því sæti í 2. deild að ári. Fjöldi

félagsmanna lagði hönd á plóg við að skipuleggja og halda þennan viðburð. Völlurinn skartaði sínu fegursta og voru þátttakendur ánægðir með völinn og skipulagið. Þrátt fyrir mikla vinnu er óhætt að segja að viðburðurinn skilji eftir gríðarlega mikla og jákvæða reynslu hjá þeim sem að honum stóðu og hefur klúbburinn sýnt að hann hefur alla burði til að halda viðburði af þessu tagi. Ekki skemmdi fyrir frábært gengi okkar manna og æsispennandi lokaholur þar sem fjöldi áhorfenda fylgdi eftir á vellinum.

Sigursveit GSS í 3. deild karla 2025. F.v. Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Jóhann Örn Bjarkason, Atli Freyr Rafnsson, Ingvi Þór Óskarsson og liðsstjórinn Andri Árnason. Á myndina vantar Tómas Bjarka Guðmundsson.



Bygging nýs golfskála

Sl. starfsár hefur mikil vinna farið fram við að fylgja úr hlaði þeim áætlunum sem kynntar voru á síðasta starfsári er snúa að byggingu nýs golfskála. Áætlanir hvað varðar fjármögnun og framgang hafa staðist og enn er stefnt að því að nýr skáli verði kominn í gagnid fyrir næsta golfsumar. Gamli skálinn var tæmdur í lok ágúst, hann var fjarlægður í september og í október var hafist handa við jarðvegsvinnu. Undirstöður voru steypar í nóvember og verður skálinn reistur seinni tvær vikurnar í nóvember. Í vetur mun svo fara fram heilmikil vinna við að ganga frá innanhúss. Sjálfboðastarf félagsmanna og annarra velunnara verður sem hingað til forsenda þess að þetta verkefni takist. Félagsmenn og styrktaraðilar hafa nú þegar gefið fjölda vinnustunda í verkefnið.



13. nóvember 2025



21. nóvember 2025

Þjálfun

Atli Freyr Rafnsson, PGA þjálfari, sinnti barna- og unglingastarfi í sumar. Honum til aðstoðar voru yngri afrekskylfingar klúbbsins. Barna- og unglingastarf klúbbsins var til mikillar fyrirmyndar í sumar og var árangur góður. Nýliðanámskeiðið gekk einnig vel og var mjög góð þátttaka að vanda. Óhætt er að segja að framtíðin sé björt hjá okkur í klúbbum og tækifærin til enn frekari þróunar og bætinga mörg.

Árshátíð

Árshátíð GSS árið 2025 var haldin á Kaffi Krók í beinu framhaldi af meistaramóti. Árshátíðin tókst vel og allir skemmtu sér vel og fallega saman. Meistarar GSS þetta árið eru þau Anna Karen Hjartardóttir og Jóhann Örn Bjarkason.

Kvennamót

Kvennamótið er frábært framtak og hvatning til allra kvenna til þátttöku í því góða starfi sem fram fer í klúbbum. Kvennamót GSS fór fram á Hlíðarendavelli laugardaginn 28. júní. Á mótinu spiluðu 56 konur víðsvegar af landinu. Glæsilegt vinningahlaðborð var í boði fyrirtækja í Skagafirði. Stjórn klúbbsins sendir bestu þakkir til allra styrktaraðila, þátttakenda og GSS kvenna sem sáu um skipulagningu og framkvæmd mótsins.

Golfhermir

Tæknilegir örðugleikar hafa því miður haft mikil áhrif á notkun á golfherminum okkar í vetur. Nú hefur Trackman í Danmörku yfirfarið tækið og búið er að leggja ljósleiðara í húsið. Standa því vonir til að þá séum við loksins laus við sífelldar truflanir í forritinu. Hvetjum við félagsmenn að nýta Flötina vel í vetur, herminn, púttflötina og netið. Verð í herminn er án efa það lægsta sem býðst hér á landi. Að sama skapi getum við ekki boðið uppá mikla þjónustu í kringum hann og biðjum við félagsmenn að sýna því skilning. Líkt og önnur störf stjórnar hefur öll vinna í kringum herminn verið unnin í sjálfböðavinnu. En ef félagsmenn ganga vel um og bera virðingu fyrir skráningum og reglum í kringum tækið þá tekst okkur vonandi að halda verðinu svona lágu.

Stuðningsaðilar

Sveitarfélagið Skagafjörður styður vel við GSS. Í dag eru í gildi þrír samningar við sveitarfélagið. Í fyrsta lagi er um að ræða samning um stuðning við rekstur, í öðru lagi samning um slátt á íþróttavelli og í þriðja lagi samning um slátt á opnum svæðum á Sauðárkróki. FISK kom veglega að stuðningi við klúbbinn m.a. með stuðningi tveggja móta, Opna FISK mótinu og að FISK móti unglingamótaraðarinnar. Mörg góð fyrirtæki styðja þar að auki við klúbbinn með ýmsum hætti. Fyrir hönd GSS þakka ég sveitarfélaginu, fyrirtækjum og stofnunum kærlega fyrir stuðninginn á árinu.

Félagsfundur var haldinn 7. júlí þar sem samþykkt var að sækja um skráningu GSS á almannaheillaskrá Skattsins. Slík skráning veitir meðal annars rétt til þess að styrkir (framlög) til GSS geta verið frádráttarbærir hjá styrkveitendum. Skatturinn samþykkti skráningu GSS á almannaheillaskrá 28. ágúst sl. Þeir sem veita klúbbum styrk fyrir árslok 2025 geta fengið styrkinn forskráðan á framtal sitt og fengið skattaafslátt fyrir skattárið 2025. Vonandi hvetur þetta fólk og fyrirtæki til að veita klúbbum fjárhagslegan stuðning.

Lokaorð

Framtíð Golfklúbbs Skagafjarðar er björt, reksturinn gengur vel og aðgengi félagsmanna að rástímum er með því besta sem þekkist hér á landi. Barna- og unglingastarf er blómlegt og hafa ungir iðkendur verið klúbbum til mikils sóma á keppnisferðum sínum. Golfíþróttin er í miklum vexti hér á landi og eflaust á félögum í GSS eftir að fjölga enn frekar. Völlurinn okkar er í góðu standi og höfum við rými til að taka á móti fjölda gesta næsta sumar. Með nýjum og stærri golfskála munum við geta tekið enn betur á móti kylfingum og verður vonandi vinsæll samkomustaður félagsmanna í komandi framtíð.

Ég ítreka þakkir til allra sjálfboðaliða klúbbsins og stuðningsaðila,

Aldís Hilmarsdóttir, formaður GSS

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd: Hanna Dóra Björnsdóttir formaður, Halldóra Andrésdóttir Cuyler, Hildur Heba Einarsdóttir, Kristinn Brynjólfsson og Arnar Skúli Atlason.

Sumarið 2025 voru haldin 34 mót á Hlíðarendavelli hjá Golfklúbbi Skagafjarðar. Fjöldi skráðra kylfinga var samtals 1220 sem er smávægileg fækkun frá fyrra ári (1255). Mótanefndin stóð fyrir 20 mótum af þessum 34 með 801 skráningu sem er nánast á pari við skráningar árið áður (792). Önnur 14 mót voru í umsjá annarra eins og Hard Wok mótaröðin sem nýliðanefnd sá um, unglingamót sem haldin voru á vegum barna- og unglinganefndar auk þess sem Íslandsmót golfklúbba í 3. deild karla fór fram á Hlíðarendavelli.

Yfirlit yfir mótin á Hlíðarendavelli sumarið 2025:

Dags:	Mót 2025 á Hlíðarendavelli:	Þátttakendur:
28. maí	Esju mótaröðin 1	17
31. maí	Opna AVIS mótið	21
9. júní	Opna KS mótið Texas Scramble	56
10. júní	Hard Wok háforgjafamót 1	25
11. júní	Esju Mótaröðin 3	32
13.-14. júní	Opna FISK mótið	44
15. júní	Norðurlandsmótaröðin 9/18 holur Titleist Footjoy	60
17. júní	Hard Wok háforgjafamót 2	31
18. júní	Esju mótaröðin 4	25
21. júní	Opna Hlíðarkaupsmótið	46
24. júní	Hard Wok háforgjafamót 3	24
25. júní	Esju mótaröðin 5	40
28. júní	Opna kvennamót GSS 2025	56
1. júlí	Hard Wok háforgjafamót 4	27
2. júlí	Esju mótaröðin 6	37
7.-8. júlí	GSS meistaramót barna og ungmenna	29
7.-11. júlí	Meistaramót GSS 2025	74
15. júlí	Hard Wok háforgjafamót 5	20
16. júlí	Esju mótaröðin 7	47
19. júlí	Opna Advania mótið 2025 (betri bolti)	24
21. júlí	ATH mánud. - Esju mótaröðin 2	37
22. júlí	Hard Wok háforgjafamót 6	25
23. júlí	Atla og Andra mótið	35
29. júlí	Hard Wok háforgjafamót 7	12
30. júlí	Esju mótaröðin 8	42
2. ágúst	Opna Steinullarmótið 2025	61

5. ágúst	Hard Wok háforgjafamót 8	26
6. ágúst	Esju mótaröðin 9	46
11. ágúst	Esju mótaröðin 10	41
12. ágúst	Hard Wok háforgjafamót 9	20
15.-17. ágúst	GSÍ: Íslandsmót golfklúbba - 3. deild karla	46
18. ágúst	Slútt Esju mótaraðar	26
19. ágúst	Hard Wok háforgjafamót 10	27
24. ágúst	Styrktarmót barna- og unglingastarfs GSS	41
	Samtals:	1220

Úrslit allra móta má sjá á golf.is

Mótahald gekk afskaplega vel og einungis þurfti að fresta tveimur mótum í byrjun júní vegna óhagstæðra veðurskilyrða, einu móti í hvorri mótaröð, þ.e. einu í Hard Wok mótaröðinni og öðru í Esju mótaröðinni. Í mótaröðinni sem styrkt var af Esju gæðafæði var sama fyrirkomulag og árið áður. Keppt var í þremur flokkum, punktkeppni karla og kvenna með forgjöf auk punktkeppni án forgjafar í opnum flokki. Mótaröðinni var slúttað með pizzaveislu og verðlaunaafhendingu á Kaffi Krók. Sigurvegarar mótaraðar voru Gígja Rós Bjarnadóttir (kvennaflokkur), Gunnar Atli Þórðarson (karlaflokkur), Anna Karen Hjartardóttir (opinn flokkur án. fgj.) og Halldóra Andrésdóttir Cuyler (besta hola).

Meistaramót GSS fór fram dagana 7.-11. júlí þar sem keppt var í flokkum barna og fullorðinna. Þátttakan var frábær en alls tóku 103 kylfingar þátt, þar af voru 74 í flokkum fullorðinna. Lokahóf og verðlaunaafhending fullorðinsflokka fór fram í Ljósheimum. Klúbbmeistarar 2025 eru Anna Karen Hjartardóttir og Jóhann Örn Bjarkason. Anna Karen varð þar með klúbbmeistari GSS í sjötta sinn en þetta er í áttunda skiptið sem Jóhann Örn er klúbbmeistari GSS.



Það voru 16 manns sem tóku þátt í holukeppni sem hófst með 4ra manna riðlum. Einn riðlanna endaði í bráðabana, þar sem staðan var jöfn, til að útkljá hver ynni sig í undanúrslitin. Holukeppnismeistari GSS 2025 er Ragnar Ágústsson.

Mótanefnd þakkar styrktaraðilum fyrir dyggan stuðning, án þeirra væri GSS ekki kleift að halda úti metnaðarfullri mótadagskrá. Flestallir stuðningsaðilanna okkar hafa stutt okkur rausnarlega ár eftir ár og er það ómetanlegt. Ykkur félagsmönnum sem og öðrum gestum viljum við þakka góða þátttöku og drengilega keppni. Það er ásókn í mót á Hlíðarendavelli og fyrir kom að færri komust að en vildu. Það varð uppselt í mót og fólk skráði sig á biðlista. Starfsmönnum á golfvöllinum og í skála er þakkað fyrir góða vinnu og gott samstarf sem og sjálfboðaliðum sem veittu liðsinni við mótahald og dómgæslu. Að lokum eru allir félagar hvattir til að taka frá dagana 29. júní til 4. júlí næsta sumar fyrir Meistaramót GSS 2026.

F.h. mótanefndar,
Hanna Dóra Björnsdóttir

Skýrsla vallarnefndar

Vorið var gott þetta árið og opnuðum við völlinn inn á 5 holur þann 25. apríl og opnuðum hann að fullu 1. maí. Veðrið í maí var eins og maður þekkir á Spáni og tók völlurinn mjög vel við sér, var kominn í topp stand mjög snemma a.m.k. 2 til 3 vikum fyrr en í meðalári. Þegar þessi orð eru skrifuð 16. október er enn verið að spila hann. En völlurinn verður ekki góður bara af sjálfum sér og liggur mikil vinna á bak við það. Þekjja Muggur og Hlynur það vel og voru byrjaðir snemma í vor að græja hann svo að við hin gætum notið þess að spila golf. Það var framkvæmt svolítið á vellinum í sumar, guli teigurinn á 2. brautinni og báðir teigarnir á 7. brautinni voru endurnýjaðir og í lok sumars voru guli teigurinn á 3., báðir teigarnir á 5. og rauði á 6. teknir í gegn. Einnig var farið í að ganga frá sárum á 9. eftir baráttuna við vatnið sumarið áður og sýnist mér það ætla að takast mjög vel. Það fór í sundur vatnslögn á 5. brautinni og fór svolítill tími í að finna út úr því og laga. Völlurinn í sumar var í alveg frábæru standi og er hann orðinn þekktur fyrir það hvað hann er vel hirtur og skemmtilegur. Er það vallarstjórn og starfsmönnum þeirra að þakka og erum við mjög heppin með þau öll. Það er ekki sjálfgefið að völlurinn sé svona góður eins og hann er.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra og fyrir hönd vallarnefndar þakka ég fyrir gott golfár.

Fyrir hönd vallarnefndar Guðmundur Ágúst Guðmundsson



Völlurinn 25. apríl 2025.



Æfingavæðið 15. apríl 2025.

Veturinn var góður og fór mildum höndum um völlinn okkar og hægt var að opna völlinn fyrir spil á fimm brautum 25. apríl 2025 og var hægt að slá golfbolta á æfingavæðinu utandyra frá 15. apríl

Skýrsla barna-og unglinganefndar

Í nefndinni störfuðu Arney Sindradóttir, Eyþór Oddsson, Sólborg S. Borgarsdóttir og Unnur Ólöf Halldórsdóttir formaður.

Í vetur hófust æfingar í nóvember. Tómas Bjarki sá um golfkennsluna undir leiðsögn Atla Freys Rafnssonar. Æfingar voru einu sinni í viku út maí eða þangað til sumarstarfið hófst. Golfskólinn hófst svo í byrjun júní og sá Atli Freyr Rafnsson um golfkennslu og þjálfun allra barna frá 6 ára aldri, honum til aðstoðar í sumar voru Brynjar Morgan Brynjarsson, Dagbjört Sísí Einarisdóttir, Gígja Rós Bjarnadóttir, Gunnar Atli Þórðarson og Sigurbjörn Darri Pétursson. 60-70 börn og unglingar stunduðu golfæfingar í sumar í lengri eða skemmri tíma og var oft mjög líflegt á vellinum.

Krakkarnir voru mjög duglegir að taka þátt í þeim mótum sem klúbburinn hélt í sumar og voru oft í verðlaunasætum. Gunnar Atli og Gígja Rós voru t.d. stigahæst á Esju mótaröðinni.

Nýprent mótið var haldið sunnudaginn 15. júní. Þátttakendur komu frá Akureyri, Dalvík, Húsavík Fjallabyggð, auk okkar barna. Nýprent mótið var fyrsta mót sumarsins í Norðurlandsmótaröðinni sem er samstarfsverkefni GSS, GA, GHD, GFB og GH. Í sumar átti GSS alls 15 keppendur í mótaröðinni og stóðu þau sig öll með þryði.



GSS sendi tvær sveitir á Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri. Mótið var haldið hjá GKG, GM og GR dagana 19.-21. júní. Sveit GSS sem spilaði í hvítu deildinni kláruðu mótið í þriðja sæti. Liðið var skipað þeim Karli Goðdal, Ólafi Bjarna, Birni Henry og Nínu Morgan. Í grænu deildinni spiluðu þau Daníel Smári, Nína Júlía, Bergdís Birna og Arnór Tryggvi en þau gerðu sér lítið fyrir og unnu sína deild. Liðsstjórar voru Atli Freyr og Gunnar Atli. Krakkarnir stóðu sig vel og voru klúbbnum til mikils sóma, innan sem utan vallar.

GSS sendi svo eina sveit í sveitakeppni 14 ára og yngri sem fór fram í Sandgerði 25.-27. júní. Sveitina skipuðu Brynjar Morgan, Grétar Freyr, Gunnar Atli, Sigurbjörn Darri og Víkingur Týr. Strákarnir stóðu sig vel og enduðu í 6. sæti af 13 liðum.



Dagbjört Sísí og Gígja Rós spiluðu svo á Hellu í sveitakeppni 18 ára og yngri í kvennaflokki í sameinaðri sveit GSS með Golfklúbbnum Leyni.

Íslandsmót barna og unglinga í högggleik var haldið dagana 15.-17. ágúst. GSS sendi þrjá keppendur til leiks. Í 15-18 ára flokki kvenna spiluðu Dagbjört Sísí og Gígja Rós en leikið var í Þorlákshöfn, þar sem Dagbjört Sísí endaði í þriðja sæti. Í hópi 14 ára og yngri spilaði Karl Goðdal sitt fyrsta Íslandsmót á sama tíma og stóð sig vel.

Í sumar tók Dagbjört Sísí þátt í unglingamótaröð 15-18 ára, mótaröðin er stigamót þar sem keppt var í sjö mótum. Dagbjört Sísí tók þátt í sex af þessum mótum og stóð sig mjög vel og endaði sumarið í 9. sæti stigalistans. Dagbjört Sísí tók líka þátt í Íslandsmóti fullorðinna þar sem hún stóð sig mjög vel.

Meistaramót GSS var haldið dagana 7.- 8. júlí. Keppt var í fjórum flokkum:

10 ára og yngri, 12 ára og yngri drengir, 13-14 ára og yngri drengir og 14 ára og yngri stúlkur.

Þátttakendur voru alls 28 og úrslitin voru eftirfarandi:

10 ára og yngri

Spiluðu 2 daga á gull teigum.

Þátttakendur voru 15 og hér eru þrír efstu:

1. Darri Guðlaugsson
2. Hólmar Aron Gröndal
3. Aron Sölvi Arnarsson

12 ára og yngri drengir

Spiluðu 2 daga á rauðum teigum.

Þátttakendur í þessum flokki voru sex talsins og hér eru þrír efstu:

1. Ólafur Bjarni Þórðarson
2. Karl Goðdal Þórleifsson
3. Björn Henry Unnarsson

13-14 ára drengir

Spiluðu tvo daga á rauðum teigum

Þátttakendur voru fjórir og úrslit eftirfarandi:

1. Grétar Freyr Pétursson
2. Víkingur Týr Thorlacius
3. Patrekur Elí Barðdal Magnússon
4. Haukur Freyr Birgisson

14 ára og yngri stúlkur

Spiluðu tvo daga á rauðum teigum

Þar kepptu fjórar stúlkur og voru úrslit eftirfarandi

1. Nína Morgan Brynjarsdóttir
2. Nína Júlía Þórðardóttir
3. Fanndís Vala Sigurðardóttir
4. Bergdís Birna Jónsdóttir

Að auki tóku alls fimm unglingar þátt í meistaramóti fullorðinna þar sem þau stóðu sig öll mjög vel.

Meistaraflokkur kvenna

1.flokkur Karla (19 keppendur)

Dagbjört Sísí Einarsdóttir 2. sæti

Brynjar Morgan Brynjarsson 1. sæti

Gígja Rós Bjarnadóttir 3. sæti

Sigurbjörn Darri Pétursson 10. sæti

Gunnar Atli Þórðarson 12. sæti

F.h. barna- og unglinganefndar

Unnur Ólöf Halldórsdóttir

Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar

Nefndina skipuðu Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Díana Dögg Hreinsdóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir og Helga Daníelsdóttir.

Við byrjuðum sumarið á því að halda nýliðanámskeið sem Atli Freyr Rafnsson og Tómas Bjarki Guðmundsson sáu um og þökkum við þeim kærlega fyrir það. Góð þátttaka var á nýliðanámskeiðinu en 20 voru skráðir. Í lok námskeiðsins héldum við vanur/óvanur mót sem tókst mjög vel sem og endranær. Það er frábært að sjá og finna hversu auðvelt það er að fá vana kylfinga í klúbbum okkar til að taka þátt og spila með nýliðunum og fyrir það ber svo sannarlega að þakka. Eftir mótið var boðið upp á pitsur og franskar frá Hard Wok. Leikfyrirkomulagið í mótinu var þannig að báðir aðilar tóku upphafshögg, betri boltinn var valinn og síðan var slegið til skiptis þar til boltinn var kominn ofan í holuna. Sigurvegarar í mótinu voru Ingi Sigbór Gunnarsson og Anna Karen Hjartardóttir, í 2. sæti voru Albert Hansson og Dagbjört Sísí Einarisdóttir og í 3. sæti voru Sigrún Ólafsdóttir og Dagbjört Rós Hermundsdóttir.

Helsta verkefni nefndarinnar er að sjá um Hard Wok háforgjafarmótin. Haldin voru 10 mót sem Hard Wok styrkti með miklum myndarskap og þökkum við kærlega fyrir það. Það voru 10 mismunandi sigurvegarar í mótunum 10 sem hefur aldrei komið fyrir áður. Þeir voru; Helgi Freyr Margeirsson, Jón Gabríel Marteinnsson, Þorsteinn Baldursson, Haukur Freyr Birkisson, Berglind Rós Guðmundsdóttir, Víkingur Týr Thorlacius, Orri Freyr Ívarsson, Nína Júlía Þórðardóttir, Laufey Rún Harðardóttir og Einar Árni Sigurðsson. Spilamennskan í mótunum var oft á tíðum frábær, sigurvegarinn var alltaf með 22 punkta eða meira og oft voru mun fleiri en vinningshafinn á svipuðum stað. Eftir eitt mótið var boðið upp á vöffur og eftir síðasta mótið var boðið upp á frábæran mat frá Hard Wok. Í eftirrött var síðan mjög girnileg og góð marengsterta sem Guðrún Björg Guðmundsdóttir átti heiðurinn af.

Þátttakan í mótunum í ár var mjög góð eins og hún hefur verið undanfarin ár. Aðeins einu sinni voru þátttakendur undir 20. Margir voru að taka þátt sínu fyrsta háforgjafarmóti og alltaf er gaman þegar kylfingar koma beint af nýliðanámskeiði og í háforgjafarmótin. Við héldum áfram að bjóða þeim kylfingum sem eru með lægra en 30 í forgjöf að taka þátt í mótunum en þeir geta ekki unnið til verðlauna. Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þennan kost þar sem heilu fjölskyldurnar eru stundum að taka þátt saman og svo er einnig gott fyrir nýliða að spila með þeim sem eru reynslumeiri. Jú, maður lærir oft af þeim sem betri eru.

Þetta var frábært golfsumar og glæsileg tilpríf litu dagsins ljós og voru margir að bæta sig mikið í öllum þáttum golfsins. Fyrst og fremst nutu allir þess að spila golf í góðum félagsskap, en það er stór þáttur í því að spila golf.

F.h. Nýliða- og kynningarnefndar

Dagbjört Rós Hermundsdóttir

Stjórn og nefndir 2025

Samþykkt á aðalfundi 25.11.2024

- Formaður:** Aldís Hilmarsdóttir ^(1/1)
- Varaformaður:** Sigríður Elín Þórðardóttir ^(1/2)
- Ritari:** Andri Þór Árnason ^(1/2)
- Gjaldkeri:** Kristján Eggert Jónasson ^(1/2)
- Meðstj.**: Hanna Dóra Björnsdóttir, formaður mótanefndar ^(1/2)
- Meðstj.**: Guðmundur Ágúst Guðmundsson, formaður vallarnefndar ^(2/2)
- Meðstj.**: Dagbjört Hermundsóttir, formaður kynningar- og nýliðanefndar ^(2/2)
- Meðstj.**: Unnur Ólöf Halldórsdóttir, formaður barna- og unglinganefndar ^(1/2)

Varamenn í stjórn:

Atli Freyr Rafnsson
Hlynur Einarsson

Mótanefnd:

Hanna Dóra Björnsdóttir, formaður
Halldóra Andrésdóttir Cuyler
Hildur Heba Einarsdóttir
Arnar Skúli Atlason
Kristinn Brynjólfsson

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, formaður
Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri
Rafn Ingi Rafnsson
Þórður Karl Gunnarsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, formaður
Reynir Barðdal

Barna- og unglinganefnd:

Unnur Ólöf Halldórsdóttir, formaður
Sólborg Borgarsdóttir
Eyþór Ernir Oddsson

Nýliða- og kynningarnefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður
Guðrún Björg Guðmundsdóttir
Helga Daníelsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður
Halldór Halldórsson

Sveitastjórar:

Árný Lilja Árnadóttir, liðsstjóri kvennaliðs.
Andri Þór Árnason, liðsstjóri karllaliðs

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson
Pétur Friðjónsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason
Sigríður Ellen Arnardóttir

Lög Golfklúbbs Skagafjarðar Þannig samþykkt á aðalfundi 30.nóvember 2020.

1. grein

Félagið heitir Golfklúbbur Skagafjarðar. Heimilifang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að GSÍ og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2. grein

Við golfleik skal á svæði/velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

3. grein

Félagið er öllum opið. Aðalfundi er heimilt að kjósa heiðursfélagi. Heiðursfélagi greiðir ekki árgjald.

4. grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

5. grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypis aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

6. grein

Stjórn klúbbsins skipa átta einstaklingar: Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og formenn mótanefndar, vallarnefndar, barna- og unglinganefndar og kynningar- og nýliðanefndar. Þeir eru kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, fjórir á aðalfundi 2020, þrír á aðalfundi 2021. Einnig skal kjósa þrjá varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Ekki eru takmörk á því hversu oft má kjósa sama einstakling til setu í stjórn.

7. grein

Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd út félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórn kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varðar. Þó þarf samþykkt félags- eða aðalfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér.

Stjórn skal boða til félagsfundar með sama hætti og til aðalfundar ef 15% félagsmanna krefjast þess skriflega eða á annan sannanlegan hátt. Berist krafa um boðun félagsfundar skal hann haldinn innan sjö daga frá því að slík krafa berst.

Stjórn getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórn skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

8. grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, vallarnefnd, forgjafarnefnd, aganefnd, barna- og unglinganefnd og kynningar- og nýliðanefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera þrír til fimm einstaklingar, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum GSÍ en aðrar samkvæmt fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar. Stjórn hefur heimild til að skipa aðrar nefndir eins og henta þykir. Nefndir skulu skila stjórn yfirliti yfir störf liðsins starfárs eigi síðar en 30. október ár hvert.

9. grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar klúbbsins fyrir 1. nóvember ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

10. grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

11. grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 8. grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing GSÍ og þing UMSS
8. Ákvörðun félagsgjalda
9. Önnur mál.

12. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar, sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

13. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

Lög Golfklúbbs Skagafjarðar Þannig samþykkt á aðalfundi 24. nóvember 2025.

1. grein

Félagið heitir Golfklúbbur Skagafjarðar. Heimilisfang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að GSÍ og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2. grein

Við golfleik skal á svæði/velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

3. grein

Félagið er öllum opið. Aðalfundi er heimilt að kjósa heiðursfélaga. heiðursfélagi greiðir ekki árgjald.

4. grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

5. grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum afslætti af aðgangi að völlum annarra klúbba og kynna þau félagsmönnum.

6. grein

Stjórn klúbbsins er skipuð fjórum einstaklingum: Formaður, ritari, gjaldkeri og varaformaður. Formenn mótanefndar, vallarnefndar, nýliða- og kynningarnefndar og barna- og unglinganefndar eru varamenn í stjórn. Stjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Ekki eru takmörk á því hversu oft má kjósa sama einstakling til setu í stjórn.

7. grein

Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd út félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórn kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varðar. Þó þarf samþykkt félags- eða aðalfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér.

Stjórn skal boða til félagsfundar með sama hætti og til aðalfundar ef 15% félagsmanna krefjast þess skriflega eða á annan sannanlegan hátt. Berist krafa um boðun félagsfundar skal hann haldinn innan sjö daga frá því að slík krafa berst.

Stjórn getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórn skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varðar starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

8. grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, vallarnefnd, forgjafarnefnd, aganefnd, barna- og unglinganefnd og kynningar- og nýliðanefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera þrír til fimm einstaklingar, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum GSÍ en aðrar samkvæmt fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar. Stjórn hefur heimild til að skipa aðrar nefndir eins og henta þykir. Nefndir skulu skila stjórn yfirliti yfir störf liðins starfsárs eigi síðar en 30. október ár hvert.

9. grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar klúbbsins fyrir 1. nóvember ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

10. grein

Reikningsár klúbbsins er 1. nóvember til 31. október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

11. grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 8. grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing GSÍ og þing UMSS
8. Ákvörðun félagsgjalda
9. Önnur mál.

12. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar, sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

13. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð. Hrein eign við slit félagsins skal renna til almannaheillafélaga í Skagafirði sem hafa sambærileg meginmarkmið og Golfklúbbur Skagafjarðar.